




BREYTING Á DEILISKIPULAGI MELA


Á FLÚÐUM, HRUNAMANNAHREPPI



Deiliskipulag fyrir breytingu 21.06.'23 - mkv. 1:2.000



Deiliskipulag eftir breytingu - mkv. 1:2.000



Greinagerð með breytingu


Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi fyrir Melar, landnr. 166840, Hrunamannahreppi, sem tók í gildi með auglýsingu í B-deild, þann 7. september 2018. Síðan hefur verið gerð ein breyting þann 15. maí 2018 og önnur breyting 22. maí 2023.

Í gildandi deiliskipulagi fyrir Mela frá 2018 eru jarðirnar Melar og Hrafnkelsstaðir 2 A skilgreindar sem sitthvor lóðin og vegur liggur á milli þeirra. Árið 2023 voru gerð makaskipti milli Mela og Hrafnkelsstaða 2 lóð A, 216611. Annars vegar voru færðir 2.800m² frá Hrafnkelsstöðum 2 lóð A til Mela L-668840 og hins vegar færðust 334 m² frá Melum til Hrafnkelsstaða 2 lóð A. Við þessa breytingu fór stærð Mela úr 8.543,35 m² í 10.898,9 m². Ekki hefur verið gerð deiliskipulagsbreyting fyrir þessi makaskipti.

Breytingin felst í:

- Lóðarmörk eru uppfærð samanber lóðarblöð. Lóðamörk færast milli Mela og Hrafnkelsstaða 2 A, þannig að 2.800m² færast frá Hrafnkelsstöðum 2 lóð A til Mela. Þar með stækkar lóð Mela upp í 10.898,9 m².
- Tveir skilgreindir byggingarreitir fyrir gróðurhús sameinaðir í einn byggingarreit. Sá reitur er 8.489,7 m² að stærð eftir sameiningu.
- Vegur sem áður lá milli Mela og Hrafnkelsstaða 2 A verður lokaður og í staðinn ný fyrirhuguð vegtenging vestan við lóð Mela.

Að öðru leyti gilda fyrri skilmálar með síðari breytingum.




Hluti Aðalskipulags Hrunamannahrepps 2016-2032

SAMÞYKKTIR

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í skipulags- og byggingarnefnd þann _____2025, og í sveitastjórn þann _____2025.

Tillagan var auglýst frá _____2025.
Með athugasemdarfrest til _____2025.

F.h. sveitastjórnar Hrunamannahrepps :



Deiliskipulag fyrir breytingu - án mkv. (til skýringar)

Skýringar

- Deiliskipulagsmörk
- Lóðamörk
- Lækur
- Vegir
- Göngustígur
- ◀ ▶ Kvæði um umferð

- 10.898,9 m² Lóðarstærð
- N=0,68 Nýtingarhlutfall
- 1 Hæðarföldi byggingar
- Núverandi byggingar
- Núverandi gróðurhús
- Byggingarreitur

Melar	
Flúðum, Hrunamannahreppi	VERK 23-772
Deiliskipulagsbreyting	BLAÐ A001
REYKJAVÍK	27.nóv.2025
Blaðstærð: A3	
 TEIKNA TEIKNISTOFA ARKITEKTA	
Suðurlandsbraut 20 Kaupangi við Mýrarveg Netföng: teikna@teikna.is	108 Reykjavík 600 Akureyri VEFFANG: teikna.is
SÍMI 552 8740 SÍMI 461 5508	